



#### **114. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 8. september 2010 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

#### **Fundargerð 113. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

#### **Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar um suðureyjar Breiðafjarðar 9. júlí 2010.**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Þorleifur Eiríksson. Magnús A. Sigurðsson komst ekki en Agnes Stefánsdóttir varamaður Magnúsar mætti og Pálmi Freyr Sigurgeirsson.

Breiðafjarðarnefnd hélt í vettvangsferð frá Stykkishólmshöfn kl. 09.20. Siglt var í átt að Helgafellseyjum og gengið í land í Skákarey. Þar tóku á móti hópnum hjónin, Einar Karlsson, Pálína Þorvarðardóttir og Olga dóttir þeirra. Einar sagði frá staðháttum og umhverfi Skákareyjar. Að því loknu buðu gestgjafarnir upp á veitingar.

Frá Skákarey var lónað yfir Breiðasundið og Helgafellseyjar (Seley og Fagurey) skoðaðar frá sjó. Næst var gengið í land við Brandstanga í Hrappsey þar sem Bogi Jónsson tók á móti hópnum. Bogi lýsti staðháttum og bauð gestum upp á veitingar

Frá Hrappsey var lónað yfir Selasund og áfram með löndum í Purkey. Eftir að hafa skoðað stuðlabergið í Purkey var haldið áfram upp í Dímonasund og siglt inn með Klakkeyjum. Hluti af hópnum fór í land í Klakkeyjum og gekk upp á topp annars Klakksins.

Frá Klakkeyjum var siglt norður að Fremri Langey og gengið þar í land. Þar tóku á móti hópnum hjónin Eggert Kjartansson og Hólmfríður Gísladóttir. Vel var tekið á móti gestum og Eggert sagði frá staðháttum.

Frá Fremri Langey var siglt í blíðskaparveðri framhá Arney og Bíldsey og fyrir Arneyjarsund og í átt að Stykkishólmi.

Í ferðinni naut hópurinn leiðsagnar Péturs Ágústssonar frá Sæferðum. Skipstjóri í ferðinni var Tryggvi Gunnarsson og farkosturinn Siggí Þórðar GK 197.

Gestir Breiðafjarðarnefndar í vettvangsferðinni voru Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra, Torfi Hjartarson, Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur o.fl.



### **Fjármál nefndarinnar**

Farið var yfir fjárhagsstöðuna og lögð var fram fjárhagsáætlun Breiðafjarðarnefndar fram til áramóta 2010.

### **Eyjaþing Framfarafélags Flateyjar**

Framfarafélag Flateyjar sækir um styrk til nefndarinnar vegna eyjaþings sem haldið var þann 22. ágúst sl.

#### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd ætlar að veita styrk upp á 50.000 kr til Framfarafélagsins. Kolbrún formaður og Magnús sóttu þingið.

### **Umsókn um starfsleyfi fyrir Nesskel ehf**

Umhverfisstofnun lagði fram drög að starfsleyfi vegna umsóknar Nesskeljar ehf til kræklingaræktar og lirlfusöfnunar í Hvammsfirði og Króksfirði.

#### **Afgreiðsla**

Nefndarmenn fóru yfir drögin og munu senda Umhverfisstofnun umsögn.

### **Fornleifaskráning í Dölum**

Þorleifur sagði nefndarmönnum frá vettvangsvinnu í skráningu örnefna og minja í Dalabyggð sem hófst sumarið 2010. Með stjórn verkefnisins fór Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur og undir hennar stjórn unnu Lóa Antonsdóttir fornleifafræðinemi og Sóley Valdimarsdóttir umhverfisskipulagsfræðingur að skráningu. Öll unnin gögn verða sett saman í skýrslu sem mun koma út á haustmánuðum 2010. Skýrslan verður tvískipt, fornleifaskráning og örnefnaskráning. Ekki er ljóst hve mikið verður hægt að skrá fyrr en fjárhagsstaða verkefnisins hefur verið gerð upp.

### **Bréf frá Jónínu Hafsteinsdóttur**

Jónína, sem hefur verið að vinna við að færa örnefni í gamla Múlahreppi inn á loftmyndir, mun láta af störfum snemma á næsta ári hjá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hún býst ekki við að ráðinn verði starfsmaður í hennar stað sökum niðurskurðar og lýsir yfir áhyggjum sínum af framvindu verkefnisins. Jónína og stofnunin ætla að sækja um styrk úr Þjóðhátíðarsjóði til þess að hægt verði að ráða nýjan starfsmann, sem mun halda áfram að færa inn örnefni í grunn Landmælinga Íslands.

### **Önnur mál**

**Fundi var slitið kl. 16:00. Næsti fundur verður haldinn 14. október.**